

**Nd.**

## **45. Frumvarp til laga**

um einkaleyfi til þess að flytja út ál og selja á erlendum markaði.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara veitist „Álaræktarfélaginu“ einkaleyfi um næstu 10 ár til þess að selja ál á erlendum markaði.

2. gr.

Meðan leyfistíminn stendur er öllum öðrum en sérleyfishöfum óheimilt að flytja út ál.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. laga þessara varða sektum, frá 500—20000 krónum, til ríkissjóðs.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Með frv. þessu er farið fram á það, að veita nýstofnuðu félagi, sem nefnist „Álaræktarfélagið“, einkaleyfi til þess að flytja út ál.

Hér hefir aldrei verið rannsakað til nokkurrar hlítar, hvar állinn heldur sig né hve mikið er til af honum í tjörnum og við strendur landsins. Rannsóknir á þessu kosta mikið fé og taka langan tíma, unz hægt verður að veiða ál og gera hann að útflutningsvöru. Reynist magn álsins ekki svo mikið, að tiltækilegt virðist að leggja í þann kostnað, sem er því samfara að gera hann útflutningshæfan, er vitanlega öllu því fé, sem til rannsókna er varið, kastað á glæ. Gera má ráð fyrir, að fyrstu 2—3 árin fari eingöngu í rannsóknir og undirbúning án þess að nokkuð komi í aðra hönd. Þessa áhættu er Álaræktarfélagið ófúst að taka á sig án þess að hafa áður tryggt einkaleyfi til útflutnings á þeirri vöru, sem um er að ræða. Reynist það svo, að líkur bendi til, að um álitlega atvinnugrein sé að ræða, mun verða reynt hér ála-klak í stórum stíl í samráði við færustu sérfræðinga. Álaræktarfélagið vill reyna að koma hér á nýjum atvinnuvegi, en vill þó ekki leggja fram háa fjárhæð í rannsóknir og undirbúning margskonar, geti svo hver og einn notfært sér rannsóknirnar og máské skemmt fyrir sölu með vondri vöru. Að sérleyfistímabilinu loknu ætti útflutningur að verða öllum frjáls. Gögn snertandi stofnun félagsins og félagsreglur liggja fyrir.